

**Ed.**

**257. Frumvarp til laga**

**[49. mál]**

um breyting á lögum nr. 115 30. des. 1978, sbr. lög nr. 70 31. des. 1977, sbr. lög nr. 9 12. apríl 1977 og lög nr. 95 31. des. 1975, um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 31. mars.)

**1. gr.**

1. gr. laga nr. 115/1978 orðist svo:
1. Á árinu 1980 skulu skattstjórar leggja á sjúkratryggingagjald.
2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1980, þó að frádregnum:
  - a. bótum skv. II. og IV. kafla laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, öðrum en elli- og örorkulífeyri;
  - b. 650 000 kr. í viðbót við þær fjárhæðir elli- og örorkulífeyrisbóta, sem frá eru dregnar samkvæmt 4. mgr. 23. gr. laga nr. 8/1972, með síðari breytingum, hjá þeim mönnum sem orðnir eru 67 ára fyrir 1. janúar 1980 eða nutu örorkulífeyris á árinu 1979.
3. Skal gjaldið vera 1.5% af fyrstu 4 500 000 af gjaldstofni, en 2% af því sem umfram er hjá hverjum gjaldanda.

Sjúkratryggingagjaldið skal á lagt í heilum hundruðum króna. Gjald, sem ekki nær 4 000 kr., skal fellt niður við álagningu.
4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í þessari grein, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

**2. gr.**

Lög þessi öðast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1980 vegna tekna ársins 1979.